

en prestaskólinn í Madison, Wisconsin, sem Asperheim var við, var stofnaður, fól norska sýnóðan þeim Walter og hinum þýsku samverkamönnum hans í St. Louis á hendur að mennta prestaefni sín í guðfræðislegu tilliti. Þar hefir sjera Páll Þorláksson fengið alla sína lútersku og svo er um allan þorra sýnóduprestanna norsku. Þegar eg haustið 1873 var nýkominn til Vesturheims frá Íslandi dvaldi eg nokkrar vikur hjá sjera Páli í St. Louis. Var mjer vinsamlega boðið að koma á samtalsfundi, er hin norsku prestaefni hjeldu með sjer á vissum tímum, og kom eg á einn eða tvo þeirra. Meðal annara efna, er þar var um rætt, var spursmálið um það, hvort það væri syndsamlegt eður ekki að taka rentur af peningum. Mjer fór ekki að verða um sel, þegar eg sá stúdentana með hina og aðra skrifjóða frá oftrúaröld lúterskunnar ásamt biblíunni fyrir framan sig og citötum (tilvitnunum) rigna úr öllum áttum því til sönnunar, að það væri synd að setja peninga sína á rentu. Mjer var þá og alveg óljóst, hvað þetta ætti að þýða, og lá við að hugsa annað veiðid, að það væri óðra manna æði. En svo kom eg til Decorah, þar sem undirbúningsskóli prestaefna norsku sýnóðunnar er, og þar lærði eg margt, sem mig aldrei hafði dreynt um áður. Jeg komist þar meðal annars að því að það væri þá „brennandi spursmál“ í Missouri-sýnóðunni, hvort syndlaust yrði tekin renta af peningum, og mjer skildist brátt, að stúdentarnir í St. Louis höfðu verið að undirbúa sig undir kredduhlátt, þegar þeir voru að eiga við fyrgreint efni. Í hinum fyrsta kafla rits síns minnist Asperheim á rentu-spurs-